



STÓRÞARI FYRIR NORÐURLANDI - LANDVINNSLA

FYRIRSPURN UM MATSSKYLDU FRAMKVÆMDAR
MARS 2022

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	2
1.1 Tilgangur og markmið.....	2
1.2 Matskylda og leyfi.....	2
2. Fyrirhuguð framkvæmd	4
2.1 Tæknilegar upplýsingar	4
2.2 Verksmiðja og framkvæmd.....	5
3. Skipulag og vernd	8
3.1 Aðalskipulag.....	8
3.2 Deiliskipulag.....	10
4. Umhverfisáhrif	14
4.1 Ásýnd	14
4.2 Samfélag og hagræn áhrif.....	24
4.2.1 Mannfjöldaþróun og atvinna	24
4.2.2 Húsnæði.....	27
4.2.3 Grunn- og leikskóli.....	29
4.2.4 Hljóðvist og lyktarmengun	30
4.2.5 Viðkomustaður	30
4.3 Lífríki og náttúra	31
5. Samráð.....	32
6. Samantekt.....	32
7. Heimildaskrá.....	34

1. Inngangur

Íslandsþari ehf. hefur fengið heimild til söfnunar og vinnslu á stórþara (*Laminaria hyperborea*) til rannsókna og uppskeru frá Atvinnuvega og Nýsköpunarráðuneyti fyrir Norðurlandi á tímabilinu 1. janúar 2022 til 21. desember 2027. Gert er ráð fyrir að stórþara verði safnað undan annesjum á Norðurlandi, mögulega frá Vatnsnesi í Húnaflóa allt austur að Langanesi. Íslandsþari gerir ráð fyrir að vinnsla á stórþara verði á eða við hafnarsvæði á Norðurlandi, sem næst miðsvæðis á vaxtarsvæði stórþarans.

Íslandsþari hefur áform um að reisa um 4.000 til 6000 fermetra vinnsluhúsnæði til að hýsa fjórskipta vinnsluhluta afurðar ásamt aðstöðu til þróunar á starfseminni. Unnið verður úr allt að 40.000 tonnum á ári af þarablöðum og stilkum og stefnt að því að vinnslan verði byggð upp í áföngum á 6 ára tímabili og aukin milli ára þar til fullum afköstum er náð í samræmi við heimildir. Búist er við að framleiðsla verði rúmlega 4.000 tonn á ári af þurrefni.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir fyrirhugaðri söfnun og vinnslu Íslandsþara ehf. á stórþara á Norðurlandi, uppsetningu á vinnsluhúsnæði, tæknilegum upplýsingum fyrirhugaðrar framkvæmdar, mögulegum afurðum og fjallað um umhverfisáhrif.

1.1 Tilgangur og markmið

Tilgangur framkvæmdar er að reisa vinnsluhúsnæði fyrir vinnslu á stórþara á Norðurlandi þar sem áætlað er að framleiða þurrefni úr stórþara.

Eftir frumskoðun koma Dalvík og Húsavík helst til greina sem staðarval fyrir vinnsluhúsnæði. Vinnsluhúsnæði yrði staðsett á skilgreindu hafnarsvæði í því sveitarfélagi sem verður fyrir valinu þar sem starfsemin er hafnsækin.

Fyrirhugað er að vinna allt að 40.000 tonn á ári af stórþara þegar fullri vinnslu er náð og afurðir verði um 4.000 tonn á ári af þurrefni. Þurrefni sem unnin eru hafa möguleika til að nýtast sem bætiefni fyrir matvæla- og lyfjamarkað. Þurrefni gæti mögulega nýst sem bindiefni í mat, hlaupmyndun fyrir bökunar vörur, stöðuleikaefni fyrir ísgerð, við pylsugerð, við fyllingu á ólívum, stöðuleikaefni fyrir bjórgerð, efni til að vinna gegn bakflæði, sem stýring í forðatöflur, við meðhöndlun á sárum, sem fóður, sem staðgengill kjötvöru, húðun á ávöxtum, gerviperlur, í húðlækninga vörur, til að draga úr viðnámi í bátamálningu, í gerð rafhlaða, fyrir bifreiðar og fleira.

Framleiðsla Íslandsþara er viðkvæm vara fyrir matvæla og lyfjaiðnað, sem byggir á hreinu umhverfi til að ná hámarks gæðum.

1.2 Matskylda og leyfi

Matsskylda: Fyrirhuguð framkvæmd fer í fyrirspurn um matsskyldu undir 1. Viðauka, tölulíð 6.03 samkvæmt lögum nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þar segir: „Framleiðsla á sævivörum, plöntuverndarvörum og lyfjum, málningu og lakki, gúmmílíki og peroxíðum þar sem gólfllötur bygginga er a.m.k. 1.000 m².“

Leyfi:

- **Byggingarleyfi:** Fyrirhuguð bygging þarf byggingarleyfi frá bygginganefnd viðkomandi sveitarfélags í samræmi við uppfært deiliskipulag.
- **Framkvæmdaleyfi:** Sækja þarf um framkvæmdaleyfi til viðkomandi sveitarfélags, sem veitir leyfi til framkvæmda samkvæmt 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012

um framkvæmdaleyfi. Við leyfisveitingu skal taka mið af niðurstöðu Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar.

- **Starfsleyfi:** Sækja þarf um starfsleyfi til Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra sbr. X. viðauka í reglugerð nr. 550/2018, liður 3.8. Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum fyrir matvælaiðnað.

Þaraskurður er ekki tilkynntur sem hluti að þessari framkvæmd, en leyfi hefur þegar verið fengið fyrir þaraskurði sbr. hér fyrir neðan.

Framkvæmdaleyfi: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið veitir leyfi til rannsókna og uppskeru á þara (*Laminaria hyperborica*) (stórþari/tröllþari) skv. 13.gr. laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Leyfi Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis: Leyfi nær til svæðisins fyrir Norðurlandi frá Vatnsnesi í Húnaflóa til Þistilfjarðar. Leyfið er háð eftirfarandi skilyrðum: Heimild uppskerumagns verði: allt að 6.000 tonn árið 2022, 12.000 tonn árið 2023, 18.000 tonn árið 2024, 24.000 tonn árið 2025, 33.000 tonn árið 2026 og 40.000 tonn árið 2027, en þó aldrei meira en 2% af staðfestum lífmassa á hverju svæði.

Umsögn Hafrannsóknarstofnunar: Leyfi Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis er veitt með hliðsjón af umsögn Hafrannsóknarstofnunar. Heimilt er, að fengnum tillögum Hafrannsóknarstofnunar, að afmarka svæði og tímabil nánar sem nýtt eru til uppskeru. Rannsóknaráætlun skal unnin af leyfishafa í samráði við Hafrannsóknarstofnun.

Eftirlit Fiskistofu: Fiskistofa hefur eftirlit með rannsókninni og er heimilt að hafa eftirlitsmann um borð í skipum sem rannsaka og uppskera þara á kostnað leyfishafa.


2. Fyrirhuguð framkvæmd

2.1 Tæknilegar upplýsingar

Ráðgert er að byggja húsnæði fyrir vinnslu á Norðurlandi til að vinna stórpara og rannsaka frekari vinnslumöguleika úr stórpara. Eftir frumskoðun á staðarvali er niðurstaðan að Húsavík og Dalvík komi helst til greina sem staðsetning fyrir vinnsluhúsnæði. Í greiningu á umhverfisþáttum eru báðir staðir greindir þar sem endanlegt staðarval liggur ekki fyrir og mun ákvörðun um það byggja að hluta til á niðurstöðum umfjöllunar um greiningu á umhverfi og mögulegum áhrifum.

Gert er ráð fyrir að reisa 4.000 til .6000 m² húsnæði fyrir vinnslu á stórpara á hafnarsvæði í því sveitarfélagi sem verður fyrir valinu. Gert er ráð fyrir því að umfang vinnslu verði í samræmi við heimildir um vinnslu og árið 2022 verði unni allt að 6.000 tonn af stórpara, um 12.000 tonn árið 2023, um 18.000 tonn árið 2024, um 24.000 tonn árið 2025, um 33.000 tonn árið 2026 og um 40.000 tonn árið 2027, en þó aldrei meira en 2% af staðfestum lífmassa á hverju svæði.

Vinnsluhúsnæði yrði staðsett á óbyggðri lóð á skilgreindu hafnarsvæði, hvort sem Dalvík eða Húsavík verður fyrir valinu sem staðsetning fyrir starfseminna. Um er að ræða nýbyggingu með aðstöðu fyrir vinnslulínu, skrifstofur og rannsóknarstofu auk svæðis fyrir móttöku gesta.



Mynd 1. Svæði þar sem söfnun stórpara mun eiga sér stað (Kynning Íslandsþara fyrir bæjaryfirvöldum).

Söfnun á stórpara fer þannig fram að kambur er dreginn í gegnum þaraskóginn og stærsti þarinn er dreginn upp. Minni plöntur verða skildar eftir. Um borð í bátnum verður rófrestan eða þöngulhausinn skilinn frá. Á rötinni er að finna fjölmargar lífverur, s.s. orma, slöngustjörnur, marflær, lindýr, sæffla og möttuldýr. Að kröfu Hafrannsóknarstofnunar verður rötinni skilað strax aftur í sjóinn til að vernda þessar lífverur og gefa þeim tækifæri til frekari vaxtar í röt yngri þaraplantna. Hér er um að ræða nýja og umhverfisvænni nálgun sem ekki er framkvæmd annarsstaðar Miðað er við að skógurinn verði grisjaður þannig á um 4 - 5 ára fresti á hverjum stað sem leyft verður að vinna á. Þannig nái skógurinn að endurnýja sig með sjálfbærum hætti.

Fyrirhugað er að söfnun á þara eigi sér stað á átta staðsetningum á Norðurlandi, þær staðsetningar eru:

- Vatnsnes, sjá staðsetning 1 á mynd 1,
- Skagi, sjá staðsetningu 2 á mynd 1,
- Tröllaskagi, sjá staðsetningu 3 á mynd 1,
- Flatey, sjá staðsetningu 4 á mynd 1,
- Tjörnes, sjá staðsetningu 5 á mynd 1,
- Slétta-vestur, sjá staðsetningu 6 á mynd 1,
- Slétta-austur, sjá staðsetningu 7 á mynd 1
- Pistilfjörður, sjá staðsetningu 8 á mynd 1.

2.2 Verksmiðja og framkvæmd

Fyrirhugað er að vinnsluhúsnæði verði um 4.000 fermetrar og má skipta húsnæðinu upp í 4 vinnsluhluta ásamt aðstöðu til þróunar á frekari vinnslu.

Íslandsþari notar einkaleyfisverndað ferli, þar sem allur þari er unninn jafnóðum þannig að engin blautur þari er geymdur í lengri tíma. Vinnslan notar ekki formalín eða önnur rotvarnarefni og engin fastur úrgangur er úr sjálfu vinnsluferlinu. Þarinn sem fluttur er að landi er forskorinn og flokkaður um borð í skurðarbátum og því tilbúin í landvinnsluna.

Þau ferli sem almennt hafa verið notuð miða við að flytja þarann óflokkaðan að landi, rotverja þarann blautan með formalíni og geyma þar til vinnsla fer fram. Þá er þarinn meðhöndlaður með heitum sóða til að leysa alginöt.

Óleysanlegar trefjar og afskurður verða ekki að úrgangsefni í vinnslu Íslandsþara þar sem þarinn er skorinn og hreinsaður jafnóðum út á sjó. Öllum sjávardýrum verður þannig skilað aftur á sinn upprunastað. Þannig koma stilkir og blöð tilbúin til vinnslu að landi, jurtásætur burstaðar af stiklunum og óleysanlegar trefjar fara í sellulósavinnslu.

Hér er því um að ræða verulega bætt vinnsluferli.

Þegar fullur afköstum náð er gert ráð fyrir að hráefni verði unnið allt að 180 daga á ári. Mest á sumrin en minna á veturna. Afköst fyrri hluta vinnslulínunnar verða þannig að hún geti auðveldlega unnið allt hráefni sem berst að landi á dag yfir í þurrefni. Afköst seinni hluta vinnslulínunnar (vinnsla úr þurrefnum) miða við að við full afköst verði hún rekin 24 stundir á dag, 5 daga vikunnar. Yfir vetrartíman þegar minna berst að landi verður hægt á fyrri hluta vinnslunnar.

Parastilki (200 mm) og blöðum er landað aðskildum í hefðbundnum fiskikörum sem flutt eru frá hafnarbakka með lyftara eða á vagni og sett inn í kælda geymslu í húsnæði Íslandsþara. Hámarks löndun á dag gæti verið um 400 tonn af blautum þar eða um 220 tonn að meðtali á dag við full afköst. Fyrst um sinn verður þó hámarklöndun um 150 tonn af blautum þar á dag.

Landvinnsla Íslandsþara er samsett úr fjórum vinnsluhlutum.

- a. Vinnsluhluti 1: Í fyrsta hluta verður búið til mjöl úr þarablöðum, jurtaásætuum og hýði af stilkunum. Vinnsla felst í því að skera niður þarablöð hýði og jurtaásætur, blanda, þurrka, mylja og pakka.
- b. Vinnsluhluti 2: Annar hluti mun fyrst burstu og flysja stilkinn. Hýði og jurtaásætur sendar í vinnsluhluta 1. Þá eru afhýddir stilkir sneiddir og muldir, formeðhöndlaðir til að tryggja lit og gæði og loks þurrkaðir til undirbúnings á frekari vinnslu. Þessa milliafurð er hægt að geyma lyktarlitla án þess að hún skemmist. Allt hráefni sem berst að landi verður því tekið til vinnslu jafnóðum og það berst. Hráefnið verður forunnið og þurrkað í afurðir eða milliafurðir sem geymast lyktarlitlar.

- c. Vinnsluhluti 3: Í þriðja hluta eru alginöt þvegin úr milliafurðinni í basískri lausn. Fast efnið sem síast frá fer í sellulósavinnslu. Þannig verður frekar tryggt að fastur úrgangur frá framleiðslunni verður í lágmarki. Vökvinn fer áfram í vinnsluhluta 4.
- d. Vinnsluhluti 4: Alginötin eru felld úr lausninni með sýru. Saltlausnin sem eftir er síast frá og fer í frárennsli. Alginötin eru svo þurrkuð í skrefum, möluð og pökkuð til geymslu og útflutnings.

Afköst vinnsluhluta 1 og 2 eru þannig að hægt er að vinna yfir í þurrefni allan blautan þara sem getur borist á landi á einum degi á innan við sólarhring. Öll starfsemi fer fram innandyrá og ekki er um að ræða neina geymslu á efnum eða athafnarsvæði utandyra annað en aðkomu fyrir faratæki og flutninga.

Í töflu 1 eru nánari upplýsingar um magn og þær afurðir sem verða til við meðferð stórþara yfir í þurrefni við full afköst.

Tafla 1 Efnismagn þurrefna miðað við full afköst.

Efni	Magn
Þaramjöl	2.500 tonn á ári
Alginöt	1.200 tonn á ári
Sellulósi	350 tonn á ári

Vörunni er pakkað í pappírspoka á bretti með filmu utan um, sem svo er afgreitt í gáma til útflutnings. Við hámarksafköst geta flutningar orðið allt að 4 gámar á viku.

Hjálparefni við vinnsluna eru öll vottuð til notkunar í matvælaíðnaði. Afurðirnar eru notaðar til dæmis, sem bætiefni í fóður, matvæli og lyf, en má líka nota í snyrtivörur, og aðrar heilsuvörur, auk notkunar í lífrænum landbúnaði, sjá töflu 2.

Tafla 2 Efnismagn hjálparefna fyrir notkun í matvælaíðnaði.

Efni	Magn	Hámarksbirgðir
Sódi (kornaður)	450 tonn á ári	30-40 tonn
Saltsýra (fljótandi)	750 tonn á ári	30-40 tonn
Önnur efni	130 tonn á ári	15-18 tonn

Önnur efni eru helst vetnisperoxíð vatnslausn, natríum klórít og svo TAED eða tetra-asetyl-etylene-diamín, sem er hvati fyrir oxunarferil vetnisperoxíðs. Áætlað er að liggja með 2-4 vikna birgðir af efnum á hverjum tíma. Öll efni eru geymd innanhús í þremur aðskildum rýmum fyrir þurrefni, sýru og vetnisperoxíðlausn. Sódi, saltsýra, vetnisperoxíðlausn og natríum klórít flokkast allt sem hættuleg efni, en mynda matarsalt (natríum klóríð) og vatn í vinnslunni. TAED er auðniðurbriótanlegt og ekki hættulegt. Vetnisperoxíð og natríum klórít er notað til að brjóta niður litarefni í þaranum (bleiking) og auka stöðugleika afurðarinnar.

Áætluð orkunotkun er óviss þar sem það fer eftir endanlegri útfærslu búnaðar en gæti verið sú sem fram kemur í töflu 3.

Tafla 3 Yfirlit yfir mögulega orkunotkun.

Efni	Magn
Rafmagn	11.300 MWh á ári
Heitt vatn	8.300 m ³ við 80°C

Útblástur frá þökkun og mölun verður tekinn í gegnum rykskiljur og pokasíur. Ryk sem safnast er nýtt í afurðir. Miðað er við að ryk í útblæstri verði undir 5-10 mg/Nm³. Annar útblástur er gufa.

Frárennsli verður þéttivatn frá þurrkun, þvottavatn og saltvatn frá alginatlínu. Miðað er við að uppfylla mörk reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, fyrir svifagnir og næringarefni í frárennsli, en þau eru:

Tafla 4 Efnismagn í frárennsli.

Efni	Magn
pH verði á bilinu	6-10
svifagnir	<35
BOD/COD	<25/<125
P/N	<2/<15

Olía og fita í frárennsli verður lítil þar sem ekkert er unnið með olúrík efni í vinnslunni.

Enginn fastur úrgangur verður frá reglulegri framleiðslustarfsemi Íslandsþara. Allt efni sem flutt er að landi nýtist í vinnsluna. Umbúðum um hráefni verður skilað aftur til endurnotkunar eða endurvinnslu. Framleiðsla sem skemmist er alltaf nothæf sem lífrænn áburður eða í landgræðslu. Venjulegur skrifstofu-og kaffistofuúrgangur kemur frá aðstöðu starfsfólks.

Í húsnæði Íslandsþara verður jafnframt aðstaða til frekari þróun afurðanna, en ekki liggur fyrir með hvað hætti sú þróun verður.

3. Skipulag og vernd

Eftir frumskoðun á staðarvali fyrirhugaðrar verksmiðju koma Dalvík og Húsavík helst til greina sem staðsetning fyrir vinnsluhúsnæði. Staðsetja þarf verksmiðjuhúsnæðið á skilgreindu athafnar- eða hafnarsvæði þar sem starfsemin er hafnsækin. Gert er ráð fyrir að reisa um 4.000 fermetra vinnsluhúsnæði þar sem þari er unnin að afurð. Þar sem staðarval liggur ekki fyrir er farið yfir aðstæður á þremur staðsetningum.


3.1 Aðalskipulag

Húsavík

Húsavíkurbýggð er hluti af Norðurþingi þar sem er í gildi Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030 sem staðfest var í desember 2010. Möguleg staðsetning fyrir vinnsluhúsnæði Íslandsþara ehf. yrði innan skilgreinds hafnar- eða athafnarsvæðis, sjá mynd 2. Íslandsþari hefur skoðað tvær staðsetningar á Húsavík, svæði innan hafnarsvæðis H-2 við norðurenda hafnarsvæðis og svæði innan athafnarsvæðis A3 við suðurenda hafnarsvæðis. Aðliggjandi landnotkunarsvæði samkvæmt Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 fyrir Húsavík eru athafnarsvæði A2 (Höfði I), hafnarsvæði H1 og hafnarsvæði H3 og athafnarsvæði A3 við Suðurgarð, sjá mynd 2. Hvorugt svæðið liggur að skilgreindu íbúðarsvæði.

Á hafnarsvæði H-2 er meðal annars gert ráð fyrir starfsemi sem er tengd flutningum á sjó og landi.

Við Suðurgarð er skilgreint athafnarsvæði A3 þar sem gert er ráð fyrir 19 lóðum fyrir snyrtilegri athafnarstarfsemi og rýmisfrekri þjónustustarfsemi.




Mynd 2. Mynd af hafnarsvæði Húsavíkurbýggðar úr staðfestu Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 aðaluppdráttur fyrir Húsavík. Tvær mögulegar staðsetningar eru merktar með rauðum hring.

Dalvík



Mynd 3. Mynd af hafnarsvæði Dalvíkurbyggðar úr staðfestu Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 aðaluppdráttur fyrir Húsavík. Möguleg staðsetning merkt með rauðum hring.

Á Dalvík er gildandi Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020 þar sem hafnarsvæði er skilgreint sem landnotkunarsvæði 103-H. Skilgreind starfsemi fyrir svæði 103-H er hafnsækin starfsemi og ferjuhöfn. Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti breytingu á aðalskipulagi Hafnarsvæði á Dalvík í ágúst 2016. Helstu breytingar voru að útmörk hafnarsvæðisins voru stækkuð, gert var ráð fyrir fjórum landfyllingum og athafnarsvæði 107-A stækkað yfir nýja landfyllingu á Sandskeið.



Mynd 4. Breyting á aðalskipulagi Hafnarsvæði á Dalvík 2016 (Breyting á aðalskipulagi Hafnarsvæði á Dalvík). Möguleg staðsetning er merkt með rauðum hring inn á mynd.


3.2 Deiliskipulag

Húsavík

Eftir forskoðun á staðarvali koma til greina tvær staðsetningar fyrir vinnsluhúsnæði á Húsavík. Annars vegar staðsetning við Norðurgarð á hafnarsvæði H-2 og hins vegar staðsetning við Suðurgarð á athafnarsvæði A3. Fjallað er um og gerð grein fyrir báðum þessum stöðum á Húsavík þar sem endanleg ákvörðun um staðsetningu liggur ekki fyrir.

Reitur H-2

Deiliskipulag Norðurhafnar nr. 12764 var staðfest í júlí 2015 og gildir m.a. fyrir svæði H-2 á Húsavík. Á hafnarsvæði H-2 eru skilgreindar fjórar lóðar og athafnarsvæði fyrir höfnina. Þær lóðir sem skilgreindar eru á svæðinu eru Norðurgarður 3, 5, 7 og 9. Byggt hefur verið á lóðinni að Norðurgarði 5 í dag en aðrar lóðir eru óbyggðar. Þær lóðir sem skilgreindar eru í samþykktu deiliskipulagi hafnarsvæðisins myndu ekki rýma 4.000 fermetra vinnsluhúsnæði. Til að koma fyrir um 4.000 fermetra vinnsluhúsnæði þyrfti að skilgreina nýja lóð innan skilgreinds athafnarsvæðis hafnarinnar samkvæmt samþykktu deiliskipulagi og að öllum líkindum að sameina það við lóðir skilgreindar við Norðurgarð 7 og 9 eða aðlaga þær lóðir að nýrri lóð fyrir vinnsluhúsnæði. Um er að ræða breytingu á núverandi deiliskipulagi hafnarsvæðis fyrir nýja lóð á hafnarsvæði H-2 samkvæmt samþykktu Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030.



Mynd 5. Yfirlitsmynd af samþykktu deiliskipulagssvæði hafnarsvæðis H-2, fyrirhuguð staðsetning sýnd með rauðum hring. (Samþykkt deiliskipulag nr. 12764).

Reitur A3


Deiliskipulag á athafnarsvæði A3 á suðurhluta hafnarsvæðis, gerir ráð fyrir alls 19 lóðum, sex lóðum sem liggja norðan megin við Búðará og 13 lóðum sunnan megin við Búðará, sjá mynd 6. Skipulagið gerir ráð fyrir að Búðará geti runnið ofanjarðar um svæðið milli lóðanna og að gönguleið meðfram sjónum. Búðará skiptir því lóðarsvæðinu í tvo hluta, norðan megin og sunnan megin við ána.

Í gildandi greinagerð deiliskipulagsins er athafnarsvæði A3 skilgreint sem svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og

heildsverlanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.

Gert er ráð fyrir snyrtilegri athafnarstarfsemi og rýmisfrekri þjónustustarfsemi sem hefur hag af nálægð við sjó og/eða að vera miðsvæðis í bænum. Nyrsti hluti svæðisins getur nýst sem vaxtarsvæði fyrir fiskvinnslu og útgerð, sjá einnig svæði H5. Jafnframt verði tryggður möguleiki á að miðstöð landflutninga með fisk geti flust að Suðurgarði, til að draga úr umferð um Hafnarstétt, sjá einnig svæði H2.

Jafnframt kemur fram í greinagerð að svæðið blasir við ofan af bakkanum og því skal vanda mjög til umhverfisfrágangs og hönnunar bygginga. Tryggð verði gönguleið meðfram sjónum milli Suðurgarðs og fjörunnar sunnan við svæðið. Gert verði ráð fyrir útivistarsvæði í gegnum svæðið sem tengir Árgil við sjóinn. Haldið verði opnum þeim möguleika að Búðará geti runnið ofanjarðar um gilið og í gegnum athafnarsvæðið.



Mynd 6. Yfirlitsmynd af samþykktu deiliskipulagssvæði athafnarsvæðis A3, staðsetning sýnd með rauðum hring. (Samþykkt deiliskipulag nr. 4708)

Þörf væri á breytingu á skipulagi svæðis A3 norðan við Búðará þar sem fyrirhuguð staðsetning vinnsluhúsnæðis væri, sjá mynd 6 og 7. Til að rýma vinnsluhúsnæði fyrir stórpara á reit A3 norðan við Búðará þyrfti að skoða möguleika á að sameina lóðir á því svæði og huga að fyrirhugaðri götutengingu um Fiskifjöru sem liggur í gegnum reit A3. Að öðru leyti ætti ekki að vera þörf á frekari breytingum á skipulagi fyrir vinnsluhúsnæði fyrir stórpara. Við breytingu á skipulagi væri verið að fækka um fimm lóðir á svæði A3 sem þarf að skoðast í samræmi við markmið deiliskipulagsins þegar það var gert sem var að auka framboð á athafnarlóðum á hafnarsvæðinu. Uppbygging sem hefst á svæðinu með tilkomu vinnsluhúsnæði stórpara er sambærileg við þá uppbyggingu á þeim sex lóðum sem skilgreindar eru á norðursvæði A3 væri að ræða. Því má líta á að allt svæðið norðan við Búðará sé þróað og fari í uppbyggingu á sama tíma. Mögulegar mótvægisáðgerðir uppbyggingar á norðursvæði eru að huga að ásýnd frá Stangarbakka með því að huga að þakformi, litavali og gróðursetningu við austurjaðar svæðis og til suðurs meðfram Búðará.



Mynd 7. Yfirlitsmynd af mögulegri staðsetningu vinnsluhúsnæðis merkt sem H2 á reit A3 og með rauðum hring.

Dalvík

Deiliskipulag Dalvíkurhafnar var staðfest í ágúst 2016 og gildir fyrir hafnarsvæði Dalvíkur samkvæmt samþykktu Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020 með síðari breytingu á aðalskipulagi hafnarsvæði á Dalvík.

Við frumathugun á staðarvali á Dalvík þar sem miðað er við lóð fyrir um 4.000 fermetra vinnsluhúsnæði kemur til greina svæði L2 sem er samsvarandi svæði 107-A í aðalskipulagi. Í deiliskipulagi fyrir Dalvíkurhöfn og aðliggjandi svæði sem samþykkt var árið 2016 er skipulagi á svæði L2 frestað.

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði Dalvíkur eru skilgreind landfylling og færslu á núverandi hafnarkanti á reit 107-A þar sem gert er ráð fyrir að flytja núverandi iðnaðarstarfsemi á reit 649-I. Uppbygging á reit 107-A verði fjölbreytt og öflugt atvinnulíf sem byggist m.a. á mannaúði, gæðum lands, sjávar, nýsköpunar, hugviti, hátækni og þjónustu.

Í deiliskipulagi eru skilgreindar lóðir fyrir hafnsækna starfsemi eru á svæði 1.9, 1.10, 1.12, 1.15, 1.16 og landfylling á athafnarsvæði L2.

Þar sem deiliskipulagi á reit L2 var frestað væri þörf á að fara í breytingu og skipuleggja svæðið í samræmi við þarfir fyrir fyrirhugað vinnsluhúsnæði og vinnslu á stórpara. Skipulagið tæki tillit til

stærðar fyllingar fyrir fyrirhuguð vinnsluhúsnaði fyrir stórþara og möguleikum á þróun á söfnun og vinnslustarfsemi til framtíðar ekki er talin þörf á landfyllingu í samræmi við heimild aðalskipulags í heild sinni.



Mynd 8. Mynd af samþykktu deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið (Af kortavef Dalvíkurbyggðar).

4. Umhverfisáhrif

Endanlegt staðarval liggur ekki fyrir en hefur verið takmarkað við ákveðnar staðsetningar á annað hvort Dalvík eða Húsavík. Fjallað er um umhverfisáhrif miðað við þá staði á Húsavík og Dalvík sem koma til greina eftir forskoðun.

Forsendur sem eru notaðar fyrir vinnsluhúsnæði er að það yrði að hámarkshæð 10,5 metrar, breidd húsnæðis verði 36 metrar og lengd 112 metrar með möguleikum á stækkun um 20 metra. Búast má við að vinnsluhúsnæðið verði hefðbundið atvinnuhúsnæði klætt grindarhús og hugað verði að þakformi til að draga úr hæð m.t.t. sjónlína frá aðliggjandi byggð.

4.1 Ásýnd

Dalvík

Miðað er við staðsetningu uppbyggingaáforma vinnsluhúsnæðis fyrir starfsemi Íslandsþara ehf. á landfyllingu L2 í samþykktu deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði á Dalvík, sjá mynd 9 og 10.



Mynd 9. Svæði 107-A er fyrirhugað fyllingarsvæði (Breyting á aðalskipulagi Hafnarsvæði á Dalvík 2016).

Gert er ráð fyrir nýrri landfyllingu við núverandi athafnarsvæði við Sandskeið þar sem fyrirhugað er að vinnsluhúsnæðið verði. Í deiliskipulagi hafnarsvæðis Dalvíkur er skipulag fyrir landfyllingarsvæði L2 frestað og því liggur ekki fyrir nákvæm stærð, útfærsla eða áfangaskipting fyrirhugaðrar fyllingar. Sú landfylling sem þörf væri á fyrir ofangreinda stærð vinnsluhúsnæðis er ekki nema hluti af því svæði sem er sýnt sem ný landfylling í aðalskipulagi. Gera má ráð fyrir að landfyllingu yrði áfangaskipt og fyrsti áfangi yrði landfylling fyrir fyrirhugað vinnsluhúsnæði í samræmi við stærðarkröfur.



Mynd 10. Möguleg staðsetning vinnsluhúsnæðis á fyrirhugaðri landfyllingu sýnd á skematískan hátt afmörkuð með rauðum hring (Frá Ja.is).

Aðliggjandi landnotkun við fyrirhugaða landfyllingu hafnarsvæðis L2 er athafnarsvæði við Sandskeið sem er innan sama reitar 107-A og fyrirhuguð landfylling, íbúabyggð/athafnarsvæði við Grundargötu reitur Íb-108, íbúðarsvæði og athafnarsvæði við Grundargötu reitur 109-Íb/A, þjónustustofnanir við Hafnargötu reitur 106-M og hafnarsvæði/þjónustustofnanir við Martröð reitur 104-H/M.

Skilgreint hafnarsvæði samkvæmt aðalskipulagi er að mestu leyti landfylling sem er ekki til staðar í dag nema að mjög litlu leyti. Það svæði er grassvæði sem liggur að hafnarkanti þar sem tekur síðan við sandsvæði niður að sjó, sjá mynd 11. Aðalskipulag hafnarsvæðis gerir ráð fyrir fyllingu sem hefur ekki verið útfærð í deiliskipulagi þar sem skipulag á svæðinu var frestað við deiliskipulagsgerð hafnarsvæðis. Svæðið er að hluta til notað sem svæði fyrir geymslu á bátakerrum og atvinnutækjum þar sem landrými leyfir. Grassvæðið milli hafnarkants og Sandskeiðar stækkar við vesturenda götunnar, sjá mynd 11 og 12. Við Sandskeið eru athafnarhúsnæði í dag, meðal annars þungavinnuvéla verkstæði, steypustöð og endurvinnslustöð sveitarfélagsins.



Mynd 11. Horft norð-vestur inn Sandskeið að fyrirhugaðri staðsetningu vinnsluhúsnæði á fyrirhugaðri fyllingu (Frá Ja.is).



Mynd 12. Horft norð-austur inn Sandskeið að fyrirhugaðri staðsetningu vinnsluhúsnæði á fyrirhugaðri fyllingu (Frá Ja.is).

Núverandi sýn aðliggjandi byggðar við fyrirhugað landfyllingarsvæði L2 á reit 107-A er eftirfarandi (Sjá mynd 10):

- Byggingar sem standa við Sandskeið 6-16 eru með sýn að fyrirhuguðu fyllingarsvæði þar sem ráðgert er að vinnsluhúsnæði fyrir stórþara verði.
- Íbúðarhúsnæði við Grundargötu 1-7 hafa takmarkaða eða litla sem enga sýn á fyrirhugað landfyllingarsvæði sökum staðsetningar athafnarhúsnæða við Sandskeið sem byrgja sýn.
- Íbúðarhúsnæði við Grundargötu 9, 11 og 15 standa lægra í landi en Sandskeið og því takmarka núverandi húsnæði við Sandskeið sýn á fyrirhugað landfyllingarsvæði.
- Mögulega hefur Grundargata 15 sýn á landfyllingarsvæðið frá efri hæð.
- Grundargata 3 og 7 hefur ekki sýn á svæðið þrátt fyrir að vera á tveimur hæðum sökum núverandi bygginga við Sandskeið sem byrgja sýn.
- Önnur hús eru á einni hæð eða hafa ekki sýn á svæðið frá Grundargötu nema Grundargata 1 sem hefur sýn á svæðið frá efri hæð en á neðri hæð er sýn takmörkuð af byggingum við Sandskeið.
- Þjónustuhúsnæði við Hafnargötu 25, húsnæði á tveimur hæðum, er með sýn á fyrirhugað fyllingarsvæði sem er takmarkað af athafnarhúsnæði við Sandskeið í sýn frá neðri hæð til austurs.
- Þjónustuhúsnæði við Hafnargötu 21 sem er húsnæði á tveimur hæðum hefur sýn á fyrirhugað landfyllingarsvæði frá báðum hæðum.
- Hafnar- og þjónustustarfsemi við Martröð er að jafnaði á tveimur hæðum en hefur litla sýn á fyrirhugað landfyllingarsvæði sökum stað- og gluggasetningar húsnæða.
- Martröð 11 og hluti af Martröð 15 standa innar í lóð heldur en annar hluti Martraðar 15 og því hafa þau húsnæði ekki sjónlínu til austurs að fyrirhuguðu landfyllingarsvæði.
- Húsnæði við Martröð 7 og 9 hefur sýn til austurs á landfyllingarsvæðið frá báðum hæðum þar sem gluggar eru til staðar á norðurhlið húsa.

Áhrif

Tilkoma vinnsluhúsnæðis er breyting á ásýnd fyrir svæðið en vinnsluhúsnæðið yrði staðsett á landfyllingu sem á eftir að koma sem jafnframt yrði breyting á ásýnd svæðisins, sjá mynd 9. Talið er að þeir sem fara um Sandskeið eða eru með húsnæði við Sandskeið. Byggingar við Hafnarbraut 21, 25, 29 og Grundargötu 9 og 11 verði fyrir beinum sjónrænum áhrifum við breytta ásýnd svæðisins. Sjónlína frá aðliggjandi byggð við Bjarkarbraut, Sognstún, Mýrargötu og Flæðaveg að fyrirhuguðu vinnsluhúsi er ekki til staðar eða mjög takmörkuð sökum núverandi byggðar við Sandskeið, Hafnarbraut 23, 25 og 27 og Grundargötu 1, 3, 5, 7, 9, 11 og 15.

Húsnæði við Grundargötu 1 og 3 og Hafnarbraut 18 gætu orðið fyrir skerðingu útsýnis frá því sem það er í dag við tilkomu vinnsluhúsnæðis þar sem hæðarsetning húsa í sjónlínu er sambærileg í hæð við fyrirhugað vinnsluhúsnæði. Ekki er talið að uppbyggingaráhrif og breytt ásýnd á hafnarsvæðinu sjálfu stuðli að skerðingu útsýnis fyrir starfsemi við Sandskeið eða annarra húsa við Grundargötu þar sem um athafnarsvæði er að ræða.

Vinnsluhúsnæðið sjálft hefur áhrif á ásýnd svæðisins en hæðarlega lands er talin takmarka sýn á vinnsluhúsnæðið sökum hæðar núverandi byggðar við Sandskeið og Grundargötu. Hæð bygginga á Húsavík á aðliggjandi svæði er að jafnaði ein til tvær hæðir á svæðinu sem er ekki til þess fallið að hafa

sýn á fyrirhugað vinnsluhúsnæði sökum annarra bygginga sem eru á milli þeirra og fyrirhugaðs vinnsluhúsnæðis.

Húsavík H-2

Á fyrirhugaðri staðsetningu vinnsluhúsnæðis fyrir starfsemi Íslandsþara ehf. á hafnarsvæði H-2 samkvæmt samþykktu Aðalskipulags Norðurlands 2010-2030 og samþykktu deiliskipulagi fyrir reit H-2 á Húsavík er gert ráð fyrir þremur nýjum lóðum á reitnum og athafnasvæði hafnar. Við frumskoðun kemur svæði þar sem athafnasvæði hafnar og ný lóð eru skilgreindar til greina sem staðsetning fyrir fyrirhugað vinnsluhúsnæði, sjá mynd 13.



Mynd 13. Möguleg staðsetning vinnsluhúsnæðis sýnd á skematískan hátt (Kynning Íslandsþara fyrir bæjaryfirvöldum).

Í dag er svæðið nýtt sem athafnarsvæði fyrir hafnarstarfsemi þar sem er geymsla á gámum, sandhólum og öðrum hafnartengdum búnaði og tækjum, sjá mynd 14.



Mynd 14. Horft yfir svæði fyrirhugaðrar staðsetninga vinnsluhúsnæðis á Húsavík á reit H-2 (Af vef [www.já.is](http://www.ja.is)).

Núverandi sýn aðliggjandi byggðar við staðsetningu vinnsluhúsnæðis á reit H-2 er eftirfarandi (sjá mynd 13):

- Húsnæði Eimskip við Norðurgarð 4 hefur beina sýn á svæðið þar sem fyrirhugað er að reisa vinnsluhúsnæði fyrir stórþara.
- Lóðir við Norðurgarð 5, 7 og 9 hafa sýn á frá suð- og vesturgafli að fyrirhugaðri staðsetningu vinnsluhúsnæðis fyrir stórþara.
- Lóð við Norðurgarð 3 hefur sýn á vesturgafli að fyrirhugaðri staðsetningu vinnsluhúsnæðis fyrir stórþara.
- Húsnæði veitingarstaðar við Naustagarð 2 stendur austan megin við fyrirhugaða staðsetningu vinnsluhúsnæðis fyrir stórþara og hefur sýn frá norð- og vesturgafli húsnæðisins.
- Húsnæði við Naustagarð 4 hefur sýn á fyrirhugaða staðsetningu vinnsluhúsnæðis fyrir stórþara frá norðurhlið.
- Sýn frá Höfðaveg 7A, 7B, 7C, 9, 11, 13, 15, 17 og 19 frá framhlið húsa í átt að reit H-2.
- Húsnæði við Höfðaveg 20-32 eru með sýn frá framhliðum húsa í átt að reit H-2, hús á tveimur hæðum eru með sýn frá báðum hæðum.
- Sýn frá Höfðaveg 10-18 er skert sökum húsa sem standa hinum megin í götunni milli þeirra og reitar H-2.
- Þau húsnæði sem eru á tveimur hæðum við Laugarbrekku 11-21 gætu haft sýn á reit H-2 frá efri hæðum en líklega byrgja húsnæði við Höfðaveg sýn á svæðið frá neðri hæðum.

Áhrif

Nokkur landhalli er á svæðinu frá aðliggjandi byggð niður að hafnarsvæði þar sem fyrirhugað vinnsluhúsnæði myndi vera staðsett. Hæðarmismunur er til þess fallinn að lítil sem engin útsýnisskerðing er talin verða fyrir aðliggjandi byggð þar sem hún stendur hærra í landi. Gera má ráð fyrir að hæsti hluti vinnsluhúsnæðis sé í hæð við gólflöt eða neðan við gólflöt aðliggjandi byggðar við Höfðaveg. Sökum hæðarmismunar breytir fyrirhugað vinnsluhúsnæði sýn fyrir íbúa við Höfðaveg 7A, 7B, 7C, 9, 11, 13, 15, 17 og 19 sem eru hús sem standa neðan við Höfðaveg og hús við Höfðaveg 20, 22, 24, 26, 28, 30 og 32 sem standa ofan við götu að óverulegu leyti. Þau hús sem standa ofan við götu

standa hærra í landi en þau sem eru neðan við götu og verða því fyrir minni sjónrænum áhrifum. Þau hús sem standa við Höfðaveg 7A, 7B, 7C, 9 og 11 verða ekki fyrir sjónrænum áhrifum í beinni sjónlínu heldur eru áhrif á sýn frá vesturgafli húsanna, sjá mynd 11. Miðað við núverandi notkun og ásýnd er ekki metið að fyrirhugað vinnsluhúsnæði hafi neikvæð áhrif á ásýnd. Á svæðinu í dag eru gámar, efnisgeymsla og tæki og búnaður tengdur hafnar- og sjávarstarfsemi, sjá mynd 15.

Núverandi húsnæði við Norðurgarð 4, sjá mynd 13, hefur í dag sambærileg sjónræn áhrif fyrir húsnæði við Höfðaveg 20, 22, 24, 26, 28, 30 og 32 og möguleg eru með tilkomu fyrirhugaðs vinnsluhúsnæðis við Norðurgarð. Ásýnd á fyrirhugað vinnsluhúsnæði frá Höfðavegi er metið hafa lítil og óveruleg áhrif miðað við núverandi byggingar og starfsemi á svæðinu, sjá mynd 14 og 15.



Mynd 15. Horft yfir Norðurgarð 4 frá Höfðavegi 32 (Af vef www.ja.is).

Við frumskoðun á staðsetningu fyrir fyrirhugað vinnsluhúsnæði er til skoðunar eftirfarandi svæði sem sýnt er á mynd 5 og 13 sem yrði við Norðurgarð.

Húsavík - A3

Við frumskoðun kemur athafnarsvæði A3 samkvæmt Aðalskipulags Norðurlands 2010-2030 til greina sem staðsetning fyrir vinnsluhúsnæði á Húsavík. Deiliskipulag fyrir reit A3 á Húsavík gerir ráð fyrir nítján nýjum lóðum á reitnum fyrir athafnarstarfsemi, sjá mynd 6.

Það svæði sem væri þörf á fyrir fyrirhugað vinnsluhúsnæði á reit A3 er til staðar í dag þar sem farið hefur verið í landfyllingu á því svæði norðan við Búðará, sjá mynd 16.

Svæðið að mestu leiti sand- og malarsvæði með litlu sem engum gróðri og smá grassvæði við vesturhluta svæðisins. Svæðið er ekki í notkun í dag þar sem um nýja landfyllingu og landmótun er að ræða, sjá mynd 19.

Um svæðið rennur Búðará sem með tilvist sinni skiptir svæðinu að mestu leyti upp í tvö svæði, norðan og sunnan við ána. Gert er ráð fyrir því að Búðará geti runnið ofanjarðar um svæðið áfram þrátt fyrir breytingar á svæðinu. Fyrirhuguð staðsetning væri norðan megin við Búðará á svæði A3 og sunnan megin við skilgreint hafnarsvæði Húsavíkur, sjá mynd 16 og 19.



Mynd 16. Yfirlit yfir nýlega landfyllingu á reit A3 (Íslandsþari ehf).



Mynd 17. Horft yfir fyrirhugað athafnarsvæði A3 og mögulega staðsetningu vinnsluhúsnæðis (Mynd Ja.is).



Mynd 18. Horft frá Mararbraut að athafnarsvæði A3 (Frá Ja.is).



Mynd 19. Yfirlit yfir mögulega staðsetningu vinnsluhúsnæðis innan bláa reitsins (Íslandsþari ehf.).

Núverandi sýn aðliggjandi byggðar við staðsetningu vinnsluhúsnæði á reit A3 er eftirfarandi (sjá mynd 18):

- Sýn frá framhliðum byggðar við Mararbraut 3-15 í átt að svæði A3.
- Sýn frá norðurgafli byggðar við Mararbraut 17-23 í átt að svæði A3.
- Takmörkuð sýn á fyrirhugað vinnsluhúsnæði frá Árgötu 12-14 á svæði A3.
- Sýn Stangarbakka 48-56 til norð-vestur að svæði A3.
- Byggingar sem standa við Garðarsbraut hafa sýn á svæði A3 til suð-austur frá báðum hæðum.

Áhrif

Frá Stangarbakka og Mararbraut niður að athafnarsvæði A3 er um 6 metra hæðarmismunur að jafnaði sem er til þess falinn að ekki er um beina útsýnisskerðingu húsa við Stangarbakka og Mararbraut að ræða þrátt fyrir tilkomu fyrirhugaðs vinnsluhúsnæðis, sjá mynd 20.

Byggingar við Mararbraut 3-23 hafa sjónlínu á neðri hæðum sem eru í beinni línu yfir eða í línu við fyrirhugað vinnsluhúsnæði fyrir stórpara og á efri hæðum er bein sjónlína yfir hæð á fyrirhuguðu vinnsluhúsnæði fyrir stórpara.



Mynd 20. Horft yfir svæðið frá Mararbraut (Mynd frá Ja.is).



Mynd 21. Hæðarmismunur frá Mararbraut niður á athafnarsvæði A3 (Mynd frá Ja.is).

Ásýnd á svæðið breytist séð frá Stangarbakka og Mararbraut en á nærliggjandi hafnarsvæði H5 við athafnarsvæði A3 er nýlegt atvinnuhúsnæði sem að sumu leyti svipar til þess húsnæðis sem gæti rúmað vinnslu á stórþara á aðliggjandi lóð, sjá mynd 22. Þar af leiðandi er ásýnd á svæðinu í dag svipuð og mun vera eftir að vinnsluhúsnæði fyrir stórþara væri komið. Landfyllingu fyrir svæðið norðan við Búðará er lokið og því ekki metið til umhverfisáhrifa. Mögulegar mótvægisáðgerðir væru að bæta við núverandi gróðurþekju í átt að Mararbraut, sjá mynd 20 og 21, og vera með gróðurþekju við suðurenda lóðarinnar meðfram og við Búðará.



Mynd 22. Núverandi húsnæði á hafnarsvæði H5 sem er aðliggjandi svæði við A3 (Mynd Ja.is).

4.2 Samfélag og hagræn áhrif

4.2.1 Mannfjöldaþróun og atvinna

Gert ráð fyrir allt að 100 störf skapist á svæðinu með tilkomu vinnslu á stórþara. Um 85 störf á landi og 15 störf sjávar tengd við söfnun á stórþara. Fyrst um sinn er gert ráð fyrir 5 starfsmönnum til að koma starfsemi af stað. Um leið og starfsemi hefst er gert ráð fyrir rúmlega 30 starfsgildum sem aukast reglulega í samræmi við heimildir til söfnunar á stórþara og vinnslu. Að aukning verði allt að 40% á milli ára í starfsgildum samhliða aukinni vinnslu á stórþara. Gert er ráð fyrir að starfsemi hafi náð fullum afköstum árið 2027 og þá hafi skapast um 100 störf við vinnslu á stórþara og jafnframt má gera ráð fyrir fjölgun starfa í tengdum greinum og stuðningsgreinum.

Gert er ráð fyrir því að þörf sé á eftirfarandi starfsgildum:

- Efnafræðingur
- Líffræðingur
- Bókhald
- Starfsmenn með vinnuvélaréttindi
- Verkfræðingur
- Verksmiðjustörf
- Skrifstofustörf
- Launafulltrúi
- Tæknimaður á rannsóknarstofu
- Örverufræðingur

Fyrirhuguð uppbygging á stórþara hvort sem væri á Húsavík eða Dalvík myndi að öllum líkindum leiða til fjölgunar starfa og mögulega íbúa á staðnum sem er talið styrkja við stoðir núverandi þjónustustarfsemi í sveitarfélögunum.

Dalvík

Dalvíkurbyggð samanstendur af þéttbýli á Dalvík, Árskógssandi og Hauganesi, ásamt dreifbýli. Íbúafjöldi í Dalvíkurbyggð var um 1.880 manns árið 2021 þar af um 1.650 íbúar á Dalvík. Mannfjöldi í Dalvíkurbyggð hefur verið nokkuð stöðugur síðustu 20 ár en þó hefur fólki fækkað um tæplega 200 íbúa frá 1998 til ársins 2021. Heildarniðurstaðan á tímabilinu er fækkun íbúa, sjá mynd 23.

Mannfjöldi 1. janúar

Dalvíkurbyggð




Mynd 23. Mannfjöldi 1. janúar í Dalvíkurbyggð 1998 til 2021 (Byggðastofnun 2021).

Húsavík

Norðurþing samanstendur af þéttbýli á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn ásamt dreifbýli. Íbúafjöldi í Norðurþingi var um 3.030 árið 2021 þar af um 2.410 á Húsavík en um 600 íbúar á Kópaskeri og Raufarhöfn árið 2021. Nokkuð stöðug fólksfækkun varð í Norðurþingi frá 1998-2017, en fjölgun hefur aftur orðið eftir það. Árið 1998 voru um 3.470 íbúar í Norðurþingi, íbúafjöldi fór niður í um 2.805 íbúa árið 2014, stökk varð í fólksfjölgun árið 2018 í um 3.230 íbúa eða fjölgun um 250 íbúa frá fyrra ári en hefur jafnast út strax árið eftir í um 3.040 íbúa, sjá mynd 24.

Mannfjöldi 1. janúar

Norðurþing



Mynd 24. Mannfjöldi í Norðurþingi 1. janúar 2021 (Byggðastofnun 2021).

Samkvæmt Vinnumálastofnun (Vinnumálastofnun 2021) var atvinnuleysi um 5,8% árið 2021 í Dalvíkurbyggð en um 3,8% árið 2020 og rúm 2% árið 2019. Fyrirhuguð vinnsla stórpara er talin skapa 80-100 atvinnutækifæri ásamt þeim mögulega að skapa önnur afleidd atvinnutækifæri. Það er talið hafa geta haft talsverð jákvæð áhrif á atvinnuleysi þegar litið er til tölfraði atvinnuleysis í Dalvíkurbyggð. Fjöldi án atvinnu árið 2021 voru um 58 og því má búast við að þau atvinnutækifæri sem skapast við vinnslu á stórpara í Dalvíkurbyggð gætu haft verulega áhrif á að minnka hlutfall atvinnuleysis sökum fjölda atvinnulausra og fjölda atvinnutækifæra sem kemur með vinnslu á stórpara.

Í forsendugreiningu atvinnustefnu Dalvíkurbyggðar (Dalvík 2015) eru helstu styrkleikarnir taldir felast í almennt góðri verkefnastöðu fyrirtækja og stöðugu vinnuafli. Helstu veikleikar atvinnulífsins að lágtekjугreinar eru megin uppistaða þess og fjölbreytni starfa lítil. Stærstur hluti starfa í sveitarfélaginu krefst ekki háskólamenntunar og tækifæri vantar fyrir háskólamenntað fólk. Fyrirhuguð vinnsla á stórpara er líkleg til að bjóða upp á atvinnutækifæri fyrir háskólamenntað fólk sem skortir mikið í sveitarfélaginu líkt og húsnæðisáætlun Dalvíkurbyggðar 2019-2027 fjallar um (VSÓ ráðgjöf 2019). Jafnframt er gert ráð fyrir sköpun starfa sem krefst ekki háskólamenntunar við vinnslu á stórpara.

Samkvæmt Vinnumálastofnun (Vinnumálastofnun 2021) sem starfrækt er á Húsavík er í Norðurþingi allt að 9% atvinnuleysi en þar eru um 150 skráðir án atvinnu þar af um helmingur á Húsavík. Á öllu Norðausturlandi er mesta atvinnuleysið í Norðurþingi og staðan einna verst á Húsavík eftir samdrátt í ferðapjónustu og hætt hefur verið við áætlanir um uppbyggingu á iðnaði á svæðinu.

Talið er að vinnsla á stórþara og þau atvinnutækifæri sem skapast við fyrirhugaða uppbyggingu myndu hafa jákvæð áhrif á að draga úr atvinnuleysi á staðnum hvort sem Dalvík eða Húsavík yrði fyrir valinu. Tilkoma vinnsla á stórþara myndi hafa verulega áhrif á að auka framboð atvinnutækifæra hvort sem væri á Dalvík eða Húsavík. Aukið framboð atvinnutækifæra hvort sem er á Dalvík eða Húsavík er mjög jákvæð þróun í ljósi aukins atvinnuleysis undanfarin ár.

4.2.2 Húsnæði

Dalvík

Samkvæmt húsnæðisáætlun Dalvíkurbyggðar 2019-2027 (VSÓ ráðgjöf, 2019) er fjöldi íbúða í Dalvíkurbyggð 741 og hafa að meðaltali bæst við um 5 íbúðir á ári frá aldamótum. Yfirgnæfandi meirihluti íbúða eru einbýlishús eða 449 fasteignir. Meðalfjöldi íbúa á hverja íbúð fer lækkanði, úr rúmlega 3 árið 1998 í 2,5 árið 2018, sjá mynd 25.



Mynd 25. Fjöldi sérþýla og fjölþýla á Dalvíkurbyggð (Þjóðskrá 2022).

Farið hefur verið í átak á Dalvík til að hvetja til uppbyggingar húsnæðis með því að fella niður lóðargjöld á ákveðnu svæði í sveitarfélaginu sem fjárfest hefur verið í. Samkvæmt húsnæðisáætlun má ætla að markaðsverð fasteigna sé töluvert undir framleiðslukostnaði miðað við fasteigna auglýsingar. Húsnæðisáætlun Dalvíkurbyggðar tiltekur að miðað við þá viðkvæmu stöðu sem sveitarfélagið er í má reikna með að hreyfingar í atvinnulífinu muni hafa einna mest áhrif á húsnæðiseftirspurn og að húsnæði sem fyrir er gæti nýst mun betur. Í byrjun árs 2019 voru 33 einbýlishúsaloðir lausar til úthlutunar í sveitarfélaginu, skv. samantekt byggingarfulltrúa Dalvíkurbyggðar.

Ef horft er til 20 ára tímabils frá 1998 til 2018 hefur íbúum í Dalvíkurbyggð fækkað um 200 manns, sjá mynd 21. Árin 2019 og 2020 var í fyrsta sinn í langan tíma fólksfjölgun í Dalvíkurbyggð sem og í kjölfarið varð mikil breyting í uppbyggingu íbúða eða um 25 íbúðir samhliða fólksfjölgun. Árið 2021 var aftur fólksfækkun miðað við árið á undan um 50 manns sem ætla má að muni hafa áhrif á framboð og uppbyggingu húsnæðis í sveitarfélaginu. Húsnæðismarkaðurinn í Dalvíkurbyggð virðist vera mjög móttækilegur fyrir breytingum í mannfjölda og áhrif fólksfjölgunar skili sér beint í eftirspurn á húsnæðis og uppbyggingu nýbygginga. Fyrirhuguð vinnsla á stórþara er líkleg til að leiða til fólksfjölgunar í sveitarfélaginu og þá ýta undir uppbyggingu nýbygginga og betri nýtingu núverandi húsnæðis. Jafnframt er talið að störf skapist í kringum frekari endurgerð eða uppbyggingu húsnæðis í sveitarfélaginu.

Samkvæmt húsnæðisáætlun Dalvíkurbyggðar eru gerðir um 15 leigusamningar í Dalvík á hverju ári og er meðalleiguverð er um 120 þúsund kr. eða 1.350. kr. á fermetra árið 2018 en samkvæmt Þjóðskrá 2022 var meðal leiguverð á Norðurlandi 1.284 kr. á fermetra og hefur leiguverð því lækkað. Áætla má að leiguverð fylgi fólksfækkun í Dalvík milli árana 2018 og 2021. Talið er að uppbygging fyrirhugaðrar vinnslu á stórþara í Dalvík myndi hafa jákvæð áhrif á þróun leiguverðs og stuðla að því að efla grundvöll leiguhúsnæðismarkaðar.

Húsavík

Í húsnæðisáætlun fyrir Norðurþing 2019- 2026 (Norðurþing, 2019) er fjallað að nýbyggingar hafi verið í sögulegu lágmarki á Norðurlandi utan Akureyrar þrátt fyrir mikinn hagvöxt. Markmið húsnæðisáætlunar Norðurþings er eins og annarra sambærilegra áætlana fyrst og síðast að stuðla að auknu húsnæðisöryggi heimila í sveitarfélaginu. Það markmið skal nást með því m.a. að greina núverandi stöðu í félagslegu-, efnahagslegu- og atvinnulegu tilliti og byggja áætlanir á spám um mannfjöldapróun á hverju svæði fyrir sig til næstu 8 ára. Markmið húsnæðisáætlunar Norðurþings er jafnframt að með henni verði til lifandi plagg sem gefi góða mynd af húsnæðismarkaðnum á hverjum tíma og færi hagsmunaaðilum sýn sveitarfélagsins á það hvernig best sé að mæta húsnæðisþörf í sveitarfélaginu til næstu ára. Fólksfjölgun á Húsavík með tilkomu fyrirhugaðrar vinnslu á Stórþara myndi því hvetja til uppbyggingar á húsnæðismarkaði og auka framboði á leigumarkaði.



Mynd 26. Fjöldi sérþýla og fjölbýla í Norðurþingi (Þjóðskrá 2022).

Uppbygging á húsnæðismarkaði hvort sem um er að ræða nýbyggingar eða endurgerð húsnæðis skapar atvinnutækifæri í sveitarfélaginu og í kjölfarið styrkir húsnæðismarkaðinn með auknu framboði húsnæðis og auknum möguleikum á leiguhúsnæði. Uppbygging á húsnæðismarkaði og aukin eftirspurn á leigumarkaði eftir leiguhúsnæði er þróun sem er líkleg til að hafa jákvæð hagræn áhrif.


Leiguverð á Húsavík hefur farið hækkandi frá árinu 2016 til ársins 2018, sjá töflu 5, sem er samhliða fólksfjölgun í sveitarfélaginu en þróun síðustu ára hefur verið fólksfækkun frá árinu 2018 til loka árs 2021 sem er líklegt til að endurspeglast í leiguverði, sjá mynd 27.

Tafla 5. Samantekt um leiguverð á Húsavík (Þjóðskrá 2018).

Samantekt um leiguverð á Húsavík	2016	2016	2017	2018
Leiguverð (kr.)	98.046	131.369	132.425	146.156
Fermetraverð (kr.)	1.036	1.397	1.215	1.540
Stærð í fermetrum	95	94	109	95
Fjöldi samninga á tímabili	35	20	20	18

Ef borin eru saman mannfjöldapróun í Norðurþingi og Húsavík við þróun fermetraverðs á Húsavík og Norðurlandi er að finna þróun sem getur haft orsakasamband. Viðvarandi fólksfækkun hafði verið í Norðurþingi frá 1998 til ársins 2010 og hélt sú fækkun áfram til ársins 2012. Þróun fermetraverðs íbúða sýnir að fermetraverð lækkaði á Norðurlandi og Húsavík til ársins 2012 þegar það tók að hækka með niðursveiflu árið 2015 en hefur síðan verið hækkandi. Fólksfjölgun í Norðurþingi hefur verið um 400 íbúar frá árinu 2014 til ársins 2018 sem er sambærileg þróun fermetraverðs íbúða á Húsavík. Fækkun íbúa hefur verið frá árinu 2018 til ársins 2021 um 200 íbúa sem gæti haft þau áhrif að fermetraverð íbúa sé farið að lækka. Tilkoma fyrirhugaðrar vinnslu á Stórþara á Húsavík er líklegt til að stuðla að

fólksfjölgun í sveitarfélaginu sem miðað við ofangreindar upplýsingar gætu haft þau áhrif á að styrkja við stoðir húsnæðis og leigumarkaðar á Húsavík og stuðla að hækkun á fermetraverði íbúða sem styrkir húsnæðisöryggi í sveitarfélaginu.



Mynd 27. Þróun fermetraverðs á Húsavík og Norðurlandi.

4.2.3 Grunn- og leikskóli

Bæði á Húsavík og Dalvík eru grunnskólar sem eru með skólastarf fyrir 1. til 10. bekk. Á báðum stöðum eru reknir leikskólar.

Dalvík

Í Dalvíkurskóla er í dag um 215 nemendur en hefur verið allt að 260-270 nemendur í skólanum þegar fjölmennast var og hefur skólinn því að öllum líkindum burði til að bæta við nemendum (Dalvíkurskóli 2022). Krílakot á Dalvík hafa rými til að bæta við 10-15 börnum til að fullnýta núverandi aðstöðu og fyrirkomulag. Á leikskólanum er ekki er biðlisti eftir leikskólaplássi í dag og börn komast inn við 12 mánaða aldur (Krílakot 2022).

Á Dalvík yrði fjölgun leik- og grunnskólabarna þess eðlis til að stuðla að betri nýtingu og rými er til að taka við nemendum.

Húsavík

Grunnskólinn á Húsavík heitir Borgarhólsskóli og er með skólastarf fyrir 1. til 10. bekk. Í Borgarhólsskóla eru að jafnaði samtals um 280-290 nemendur sem skiptast nokkuð jafnt milli árganga eða um 25-35 nemendur að jafnaði í hverjum árgangi (Borgarhólsskóli 2022). Leiksólinn á Húsavík heitir Grænuvellir. Á leikskólanum eru starfræktar 8 deildir og er leikskólinn kominn að mörkum þess að geta tekið við fleiri börnum en það er háð aldri barna og á hvaða deildir þau myndu raðast. Á leikskólanum Grænuvöllum á Húsavík eru um 144 börn í dag og búast má við miðað við sambærilega þróun síðustu ára að fjölgun gæti orðið í allt að 150 börn vorið 2022 (Grænuvellir 2022).

Á Húsavík er tækifæri til að bæta við nemendum að ákveðnu marki og nýta innviði grunnskóla sem eru til staðar í dag. Leikskóli á Húsavík er nær því að vera full nýttur en þó er ekki biðlisti í dag eftir leikskólaplássi. Mögulega gæti aukin eftirspurn orðið til þess að biðlisti verði eftir leikskólaplássi en víða þykir eðlilegt að það séu biðlistar eftir leikskólaplássi og því ekki um neikvæð áhrif að ræða. Mögulega eru tækifæri ef það skapast auknar tekjur í samfélaginu frá nýrri atvinnustarfsemi og nýjum

Íbúum eða auknum atvinnutækifærum sem skapast við tilkomu vinnslu á stórpara sem gætu verið nýtt til að styrkja við grunnstoðir grunn- og leikskólustarfs.

4.2.4 Hljóðvist og lyktarmengun

Sú starfsemi sem fer fram í vinnsluhúsnæðinu er metin hafa lítil áhrif á hljóðvist þar sem vinnsluhúsnæðið takmarkar það hljóð sem berst frá vinnslunni og sökum staðsetningar vinnsluhúsnæðis á athafna- eða hafnarsvæði og ekki nærri íbúabyggð.

Starfsemin er talin hafa lítil áhrif eða engin áhrif varðandi lyktmengun þar sem sú útgufa sem gæti komið frá vinnslunni er hrein gufa eða með litlum lyktaraefnum.

Dalvík

Á Dalvík væri athafnarsvæði til suðurs og vesturs milli staðsetningar þar sem fyrirhugað er að vinnsluhúsnæði myndi vera reist á landfyllingu og aðliggjandi íbúðabyggðar. Til norðurs og austurs væri um að ræða hafsvæði á Dalvík.

Á athafnarsvæði 107-A er í dag athafnarhúsnæði þar sem starfsemi er meðal annars þungavinnuvélaverkstæði, steypustöð og endurvinnslustöð sveitarfélagsins. Sökum starfsemi sem er á athafnarsvæðinu í dag og staðsetningar fyrirhugaðrar landfyllingar L2 sem ráðgert er að verði sem staðarval fyrir vinnsluhúsnæði fyrir stórpara er áhrif sökum hávaðamengunar frá vinnslu stórpara metin lítil sem enginn.

Húsavík – H-2

Á reit H-2 á Húsavík yrði fyrirhuguð vinnsluhúsnæði staðsett á hafnarsvæði þar sem aðliggjandi landnotkun athafnarsvæði til norðurs og annað hafnarsvæði til austurs, til vesturs og suðurs er hafsvæði.

Á reit H-2 er gert ráð fyrir starfsemi sem er hafnsækin eða sem er notað sem athafnarsvæði fyrir hafnarstarfsemi. Svæðið liggur til suðurs við haf og eru aðliggjandi svæði til norður og austur athafnar- og hafnarsvæði. Byggð er nokkuð frá og stendur mun hærra í landi. Af þeim sökum eru áhrif hávaðamengunar frá vinnslu stórpara metin lítil sem enginn.

Húsavík – A3

Á reit A3 á Húsavík yrði fyrirhuguð vinnsluhúsnæði staðsett á athafnarsvæði þar sem aðliggjandi landnotkun er hafnarsvæði.

Á reit A3 á Húsavík er aðliggjandi svæði til norðurs hafnarsvæði þar sem sambærileg starfsemi á sér stað. Til suðurs er gert ráð fyrir lóðum fyrir athafnarsvæði en Búðará skapar fjarlægð frá fyrirhugaðri staðsetningu vinnsluhúsnæðis fyrir stórpara innan reitar A3 og lóða sunnan við Búðará. Lokið hefur verið við gerð landfyllingar norðan megin við Búðará. Íbúðarbyggð liggur ofan við bakka og vegstæði frá reit A3. Ekki er talið að vinnsla á stórpara hafi áhrif á íbúðarbyggð. Af þeim sökum eru áhrif hávaðamengunar frá vinnslu stórpara metin lítil sem enginn.

4.2.5 Viðkomustaður

Fyrirhuguð vinnsla við stórpara gerir ráð fyrir því að hafa möguleika á að því að geta tekið á móti gestum sem áhuga hafa á að kynna sér starfsemi og afurðir vinnslunnar. Á báðum staðsetningum getur það haft jákvæð áhrif í för með sér á aðdráttarafli svæðisins og til þess fallið að auka við fjölbreytileika á viðkomustöðum í sveitarfélaginu.

4.3 Lífríki og náttúra

Talið er að vinnsla á stórpara hafi lítil sem engin áhrif á lífríki og náttúru á svæðinu. Allur stórþari sem berst til landvinnslunnar verður nýttur og engin hluti stórpara fer til förgunar.

Það frárennsli sem er frá fyrirhugaðri vinnslu á stórpara er saltlausn (natríumklóríð) sem myndast þar sem sóði og saltsýra mynda natríumklóríð í vinnsluferlinu. Natríum klórít afoxast einnig í natríum klóríð, og vetnisperoxíð myndar vatn þegar það verður óstöðugt um leið og auðniðurbrotanlegur hvati (TAED) er settur út í lausnina í vinnsluferlinu. Salt sem er tekið úr sjó við söfnun er skilað aftur út sem natríumklóríð og hefur það því ekki áhrif á magn salts í sjó eða lífríki á því svæði þar sem frárennsli er skilað til sjávar. Næringarefni, lífrænt efni og sýrustig verða innan marka tilgreindum í töflu 4.

Söfnun á sér ekki stað á svæðum þar sem þekkt er að hvalaskoðun fer fram og því ekki talin hafa áhrif. Söfnun á sér ekki stað á svæðum sem eru þekkt fiskveiðisvæði og er því ekki talinn hafa áhrif á fiskveiðar. Stefnt er á að söfnun á þara verði kolefnislaus framkvæmd og vinnsla á þara gefur ekki af sér þara til förgunar heldur aðeins frárennsli saltlausnar.

Um er að ræða svæði sem nýtt eru sem hafnar- eða athafnarsvæði í dag, eru fyrirhugað fyllingarsvæði eða nýleg landfylling. Því er ekki verið að raska gróðri eða svæðum þar sem er líffræðilegur fjölbreytileiki til staðar.

Gert er ráð fyrir að eftir því sem vinnsla þróast og afköst aukast að umferð vörubifreiða til og frá vinnsluhúsnæði séu 1-5 ferðir á dag sem er háð vinnsluháttum.

Engar skráðar forleifar eða náttúruminjar eru á fyrirhuguðu svæði fyrir vinnsluhúsnæði hvort sem það yrði á hafnarsvæði á Húsavík eða Dalvík.

Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á fuglalíf hvort sem fyrirhugað vinnsluhúsnæði væri á Dalvík þar sem er gert ráð fyrir fyllingu.

Ekki er verið að ganga nærri náttúru með því að reisa vinnsluhúsnæði eða safna stórpara. Ekki er verið að ganga á eða hafa áhrif á verndarsvæði, ekki er verið að ganga á álagsþol náttúrunnar þar sem söfnun er sjálfbær og ekki er verið að raska gróðursvæðum eða kjörlendi dýra.

Húsavík

Á Húsavík er fyrirhugað að vinnsluhúsnæðið sé staðsett á skilgreindu hafnarsvæði sem er með góðar veltengingu beint inn á stofnvegakerfi. Gott aðgengi er að hafnarbakka fyrir löndun á hráefni.

Því talið að flutningur á stórpara hafi í för með sér lítil sem engin áhrif á umferð, hljóðvist eða loftgæði sökum umferðar sem skapast við vinnslu á stórpara á Húsavík.

Dalvík

Á Dalvík er fyrirhuguð staðsetning vinnsluhúsnæðis á fyrirhugaðri landfyllingu á hafnarsvæði sem liggur við athafnarsvæði sem tengist við stofnkerfi. Gott aðgengi er að hafnarbakka fyrir löndun á hráefni.

Því er talið að flutningur á stórpara hafi í för með sér lítil sem engin áhrif á umferð, hljóðvist eða loftgæði sökum umferðar sem skapast við vinnslu á stórpara á Dalvík. Umferð vörubíla fer að litlum hluta eða ekki um gatnakerfi sem liggur við eða er aðliggjandi við íbúðabyggð hvorki á Dalvík né Húsavík.

5. Samráð

Þessi fyrirspurn um matsskyldu er unnin af Mannviti fyrir Íslandsþara ehf. Gögn sem nýtt voru við gerð þessarar skýrslu voru fengin frá Íslandsþara ehf., opinberum skýrslum, skipulagsáætlunum og kortasjám sveitarfélaga og myndefni frá já.is.

Fyrirhuguð framkvæmd verður kynnt viðeigandi stofnunum og bæjarstjórn. Aðrir helstu hagsmunaaðilar á svæðunum eru sjómenn og útgerðir, fyrirtæki í ferðaþjónustu á svæðinu, aðrir hagsmunaaðilar fyrirtækja og umhverfisverndarhópar.

6. Samantekt

Talið er að fyrirhuguð vinnsla á stórþara á Dalvík eða Húsavík hafi engin áhrif fornleifar og óveruleg áhrif á hávaða, loftgæði og lífríki en jákvæð hagræn og samfélagsleg áhrif. Úrgangur verður í lágmarki. Íslandsþari ehf. telur að framkvæmdin ætti því ekki að vera háð mati á umhverfisáhrifum. Sú ályktun er einkum byggð á neðangreindu samanber 2. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

• Eðli framkvæmdar

- Um er að ræða 4.000 til 6.000 m² hefðbundið vinnsluhúsnæði og má skipta húsnæðinu upp í 4 vinnsluhluta ásamt aðstöðu til þróunar á frekari vinnslu. Gert er ráð fyrir kælugeymslu fyrir daglega löndun á þara og birgðarýmum fyrir önnur hráefni og afurðir. Öll vinnsla fer fram innanhúss.
- Vinnsla mun fara fram á stórþara sem Íslandsþari ehf. hefur fengið heimild til söfnunar á til rannsóknna og uppskeru frá Atvinnuvega og Nýsköpunarráðuneyti fyrir Norðurlandi á tímabilinu 1. janúar 2022 til 21. desember 2027. Gert er ráð fyrir að stórþara verði safnað undan annesjum á Norðurlandi, mögulega frá Vatnsnesi í Húnaflóa allt austur að Langanesi.
- Nota þarf heilt og kalt vatn til vinnslunnar ásamt rafmagni.
- Vinnslan notar ekki formalín eða önnur rotvarnarefni og engin fastur úrgangur er úr sjálfu vinnsluferlinu. Þarinn er meðhöndlaður með heitum sóða til að leysa alginöt. Trefjar og afskurður verða ekki að úrgangsefni þar sem þarinn er skorinn og hreinsaður jafnóðum út á sjó þannig að stilkir og blöð koma tilbúin til vinnslu að landi og óleysanlegar trefjar fara í sellulósavinnslu.
- Ekki er talið að vinnsla á stórþara muni hafa áhrif á heilbrigði manna t.d. vegna loft-, sjávar- eða umhverfismengunar hvort sem staðsetning verður á Dalvík eða Húsavík.
- Sú starfsemi sem fer fram í vinnsluhúsnæðinu er metin hafa lítil áhrif á hljóðvist þar sem vinnsluhúsnæðið takmarkar það hljóð sem berst frá vinnslunni og að staðsetningar vinnsluhúsnæðis sem eru til skoðunar eru á athafna- eða hafnarsvæði og ekki í nánd við íbúabyggð.
- Áhrif sökum lyktar eru álitin lítil sem engin þar sem allur blautur þari er unnin daglega, en milliafurðir og vinnsluferlið er lyktarlítið.
- Ferðir flutningabíla verða á bilinu 1-5 á dag á meðan á vinnslu stendur sem talið er að hafi óverulegt ónæði í för með sér.
- Ekki er talinn hætta á stórslysum eða náttúruhamförum sökum vinnslu á stórþara á skilgreindum hafnar- eða athafnarsvæðum.

- **Staðsetning framkvæmdar**

- Í skoðun er staðsetning á Húsavík (tvö svæði) eða á Dalvík.
- Í öllum tilvikum er gert ráð fyrir staðsetningu á hafnar/athafnasvæði sem hæfir starfsemi sem þessari, með góðu aðgengi að hafnarbakka til löndunar á þara og er í samræmi við skipulag sveitarfélaganna.
- Framkvæmdasvæðin eru hvorki á verndarsvæðum né hafa áhrif á slík svæði.

- **Eiginleikar hugsanlegra áhrifa**

- Vinnsla á stórþara mun breyta ásýnd á þeim stað sem verður fyrir valinu.
- Ekki er verið að nýta land eða landsvæði þar sem vistkerfi eða gróðurfar er viðkvæmt eða þörf er á að vernd.
- Um er að ræða svæði sem nýtt eru sem hafnar- eða athafnasvæði í dag, eru fyrirhugað fyllingarsvæði eða nýleg landfylling. Því er ekki verið að raska gróðri eða svæðum þar sem er líffræðilegur fjölbreytileiki til staðar.
- Ekki er talin hætta á mengun á jarðveg eða vatni við vinnslu á stórþara þar sem engin úrgangsmýndun önnur en saltlausn sem fer í fráveitu verður til við vinnsluferlið.
- Ekki er verið að ganga nærri náttúru með því að reisa vinnsluhúsnæði eða safna stórþara. Ekki er verið að ganga á eða hafa áhrif á verndarsvæði, ekki er verið að ganga á álagsþol náttúrunnar þar sem söfnun er sjálfbær og ekki er verið að raska gróðursvæðum eða kjörlendi dýra.
- Uppbygging á vinnsluhúsnæði stórþara kemur til með að hafa í för með sér talsverð jákvæð samfélagsleg áhrif á þeim stað sem verður fyrir valinu sem felst í fjölda starfa sem verða í boði, afleiddum áhrifum á aðra starfsemi, hugsanlegri fólksfjölgun ofl.

7. Heimildaskrá

- Dalvík (2016A). Breyting á aðalskipulagi Hafnarsvæði á Dalvík. Dalvík.
- Dalvík (2016B). Deiliskipulag hafnarsvæðis Dalvíkur. Dalvík.
- Dalvík (2009). Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020. Dalvík.
- Mannvit (2015). Deiliskipulag – Norðurhöfn Norðurþingi. Norðurþing.
- Norðurþing (2010). Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030. Norðurþing.
- Þjóðskrá (2022). Norðurþing 21. janúar 2022.
- VSO Ráðgjöf (2019). Húsnæðisáætlun Dalvíkurbyggðar 2019-2027. Dalvíkurbyggð.
- Þekkingarnet Þingeyinga (2020). Mannfjöldaþróun í Þingeyjarsýslum 2011-2020.
- Norðurþing (2019) Húsnæðisáætlun Norðurþing 2019-2026.
- Þjóðskrá (2022). Dalvíkurbyggð 21. janúar 2022.
- Dalvík (2015). Atvinnustefna Dalvíkurbyggðar. Dalvík.
- Krífakot (2022). Samtal við forsvarsmenn 24.11.2022
- Grænuvellir (2022). Samtal við forsvarsmenn 24.11.2022
- Borgarhólsskóli (2022). Samtal við forsvarsmenn 24.11.2022
- Dalvíkurskóli (2022). Samtal við forsvarsmenn 24.11.2022